

Föstudaginn 20. desember 1946.

Kærumálið nr. 19/1946. Guðlaug Björnsdóttir
gegn

Magnúsi Jónssyni

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Kröfu um frávísun máls frá héraðsdómi hrundið.

Dómur hæstaréttar.

Í kærumáli þessu, sem hæstarétti hefur verið sent með bréfi borgardómarans í Reykjavík, dags. 14. þ. m. og hingað komnu sama dag, hefur sóknaraðili kært úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur 11. nóvember s. l., þar sem hrundið er kröfu sóknaraðilja um vísun máls varnaraðilja gegn honum frá héraðsdómi. Hæstarétti hefur horizt greinargerð frá sóknaraðilja. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað frá héraðsdómi. Þá krefst hann og málskostnaðar í hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðili, sem sent hefur hæstarétti greinargerð, hefur krafizt þess, að úrskurðurinn verði staðfestur. Svo hefur hann og krafizt hæfilegs málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi sóknaraðilja.

Með skirskotun til forsendna hins kærða úrskurðar, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Guðlaug Björnsdóttir, greiði varnaraðilja, Magnúsi Jónssyni, kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 11. nóvember 1946.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 1. þ. m., hefur Magnús Jónsson, Freyjugötu 10 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttaumleitan með stefnu, útgefinni 4. september 1946, gegn Guðlaugu Björnsdóttur, Freyjugötu 6 hér í bænum, til greiðslu á kr. 2212.50 eða lægri fjárhæð að mati dómara auk 6% ársvaxta frá 29. ágúst 1946 til greiðsludags svo og málskostnaði að mati dómara.

Dómkröfur stefnda á þessu stigi málsins eru þær, að málinu verði vísað frá dómi og að stefnandi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómara.

Málavextir eru þeir, að stefnandi er eigandi húseignarinnar nr. 10 við Freyjugötu ásamt lóð þeirri, er henni fylgir, en húseignin nr. 6 við sömu götu, eign stefnda, liggur upp að vesturenda lóðar stefnanda. Milli húsanna er rúmlega tveggja metra spilda af lóð stefnanda, auð og notuð til umferðar, en stefnandi hefur byggt yfir spildunni. Árið 1931 byggði stefndi viðbót við hús sitt, og svipti hún sig með því aðgangi frá götu að baklóð sinni. Áður en til þeirrar framkvæmdar kom, aflaði hún sér yfirlýsingar frá manni, er hún virðist hafa talið til þess bæran, um að íbúar húss hennar hefðu frjáls afnot af framangreindum undirgangi út að götunni. Með dómi merkjadóms Reykjavíkur 26. október 1945 var yfirlýsing þessi dæmd ógild, að því er varðar fasteignina nr. 10 við Freyjugötu. Dómur þessi var upp kveðinn í máli milli stefnanda máls þessa og manns þess, er yfirlýsinguna gaf. Stefndi í máli þessu gerðist meðalgönguaðili fyrir merkjadóminum og krafðist þess, að viðurkenndur yrði réttur íbúa fasteignar hennar til nota undirgangsins. Reisti hún kröfu sínar á því, að nefnd yfirlýsing væri gild, enda hefði stefnandi samþykkt umferðarréttinn. Þá hélt hún því fram, að hún hefði öðlzt notarréttinn fyrir hefð auk þess að almennt sé talin heimil umferð um undirganga öllum þeim, er þörf hafi. Kröfum þessum var vísað frá dómi ex officio, þar eð stefndi hafði eigi höfðað meðalgöngusök með stefnu, eins og 50. gr. laga nr. 85 frá 1936 mælir fyrir. Hefur stefnandi síðan höfðað mál þetta á hendur stefnda til þess að fá hana dæmda til greiðslu þóknunar fyrir lóðarnotin, er hann telur hæfilega metna kr. 150.00 á ári, eða samtals kr. 2212.50 fyrir tímabilið frá 1. janúar 1932 til 1. september 1946.

Stefndi rökstyður kröfu sína um frávísun máls þessa með því, að eigi sé enn úr því skorið, hvort hún hafi umferðarrétt þann um lóð stefnanda, sem greinir hér að framan, þar eð kröfu hennar um viðurkenningu þessa réttar hafi verið vísað frá merkjadóminum. Auk þess heldur hún því fram, að þar eð yfirlýsing sú, er að framan getur, hafi einungis verið ógild dæmd, að því er varðar

fasteign stefnanda, sé ekki úr því skorið, hvern rétt stefndi geti á henni reist.

Stefnandi hefur mótmælt frávisunarkröfunni, en eigi krafizt málskostnaðar í þessum hluta málsins sérstaklega.

Mál þetta er, sem fyrr var sagt, höfðað til greiðslu þóknunar úr hendi stefnda fyrir not hennar af lóð stefnanda. Verður eigi séð, að úrlausn slíks máls sé sérstaklega falin merkjadómi samkvæmt lögum nr. 35 frá 1914, sbr. lög nr. 35 frá 1923. Stefndi virðist og leita kröfu sinni stuðnings í málsástæðum, sem beinast að efnishlið málsins, og þykir því eigi unnt að taka afstöðu til réttmætis þeirra á þessu stigi málsins. Krafa stefnda um frávisun málsins verður því eigi til greina tekin. Með vísun til framanritaðs eru eigi efni til að taka ákvörðun um málskostnað.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Framangreind frávisunarkrafa verður eigi til greina tekin.

Föstudaginn 20. desember 1946.

Kærumálið nr. 20/1946. Karl Þorfinnsson

gegn

Hermanni Guðjónssyni og Magnúsi V. Jóhannessyni

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Um vitnishæfi.

Dómur hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með bréfi 30. nóvember þ. á. kært til hæstaréttar úrskurð borgardómarans í Reykjavík, upp kveðinn 27. s. m., þar sem vitninu Magnúsi V. Jóhannessyni er heimilað að staðfesta með eiði eða drengskaparheiti framburð sinn í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Barst hæstarétti kæran 14. þ. m.

Sóknaraðili hefur sent hæstarétti greinargerð, þar sem hann krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að synjað verði um staðfestingu framburðar nefnds vitnis. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.